

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Sólvallagata 67.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 27. júní 2014 breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarskóla vegna lóðarinnar nr. 67 við Sólvallagötu. Í breytingunni felst að gerður er byggingarreitur fyrir fjórar færanlegar kennslustofur.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Frostaskjól 2.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 27. júní 2014 breytingu á deiliskipulagi íþróttasvæðis KR, Frostaskjóls 2-6 vegna lóðarinnar nr. 2 við Frostaskjól. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit til að hægt verði að bæta við tveimur færanlegum stofum á bílastæði íþróttahúss KR á norðvesturhluta lóðar.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Stuðlaháls 1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 9. júlí 2014 breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 1 við Stuðlaháls. Í breytingunni felst að gera nýjan byggingarreit fyrir tank.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skarfagarðar 3.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 9. júlí 2014 breytingu á deiliskipulagi Skarfabakka, Klettasvæðis. Í breytingunni felst að núverandi lóðamörk Skarfagarða 3 eru lögð niður og gerð er ný minni lóð með sama götunúmeri nær ferjubakka.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavíkurflugvöllur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 9. júlí 2014 breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni flugstjórnarmiðstöðvarinnar.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Langholtsvegur 43.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 11. júlí 2014 breytingu á deiliskipulagi reita 1.3 og 1.4, Sundin, vegna lóðarinnar nr. 43 við Langholtsveg. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit og aukning á nýtingarhlutfalli.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 11. júlí 2014,

Björn Axelsson.

Nr. 711

11. júlí 2014

B-deild – Útgáfud.: 25. júlí 2014